

VELFERÐARSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Úttekt á þörf á áframhaldandi
stuðningi og úrræðum fyrir 18 ára
börn sem hafa notið stuðnings og
úrræða Barnaverndar Reykjavíkur

Október
2011

Ábyrgðarmaður: Erla Björg Sigurðardóttir

Nemar: Helga Theódóra Jónasdóttir og Ólöf Sunna Gissurardóttir

Efnisyfirlit

1. Tilurð úttektar og markmið	4
2. Helstu niðurstöður	4
3. Aðferðafræði og framkvæmd	5
A. Rannsóknarspurningar	6
B. Rannsóknarsnið.....	6
C. Þátttakendur	6
D. Mælitæki	6
4. niðurstöður	6
A. Stuðningur og úrræði BR við börn undir 18 ára aldri	7
1. Tilkynning í upphafi	7
Mynd 1. Hver tilkynnti til BR í upphafi um mál barns.....	7
2. Ástæður tilkynningar í upphafi	8
Mynd 2. Ástæða tilkynningar í upphafi til BR.	8
3. Úrræði sem börnum var vísað í.....	8
Tafla 1. Úrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, skipt eftir kyni	9
4. Ástæða fyrir fóstri eða vistun.....	10
Tafla 2. Ástæða fyrir fóstri eða vistun, skipt eftir kyni.....	10
5. Tengsl ástæðu fyrir tilkynningu og fóstri eða vistun.....	10
6. Greiningar barna sem fóru í fóstur eða vistun.....	10
Tafla 3. Greining barna sem fóru í fóstur eða vistun, skipt eftir kyni.....	11
7. Fóstur eða vistun og vandi barna	11
Tafla 4. Ástæða fyrir fóstri eða vistun og algengustu úrræði.....	11
B. Stuðningur og úrræði BR við börn 18 ára og eldri.....	12
Tafla 5. Áframhaldandi stuðningur og úrræði eftir 18 ára aldur.....	12
1. Vísað í þjónustumiðstöð.....	12
Tafla 6. Ástæður fyrir fóstri eða vistun þeirra barna sem vísað var til þjónustumiðstöðva við 18 ára aldur.....	13
Tafla 7. Tengsl foreldra, barna sem var vísað til þjónustumiðstöðvar við 18 ára aldur, við þjónustumiðstöðvar.	13
2. Fædd 1992 og út júlí 1993 Með stuðning og úrræði samkvæmt 3.gr.....	13
Tafla 8. Ástæður fyrir fóstri eða vistun barna sem fengu áframhaldandi fóstur eða vistun á vegum BR eftir 18 ára aldur árið 2010.	14
Tafla 9. Tengsl foreldra, barna sem fengið hafa áframhaldandi fóstur eða vistun á vegum BR eftir 18 ára aldur, við þjónustumiðstöðvar.	14

3.	Með stuðning og úrræði samkvæmt 3.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002 árið 2010.....	15
	Tafla 10. Tegund þjónustu við 18 ára og eldri 2010.....	15
5.	Samantekt	16
6.	Viðauki	17
A.	Fóstur	17
1.	Tímabundið fóstur.....	17
2.	Varanlegt fóstur	18
3.	Styrkt fóstur	18
B.	Vist-og Meðferðarheimili	18

1. TILURÐ ÚTTEKTAR OG MARKMIÐ

Markmið úttektarinnar er að greina hver þörf á áframhaldandi stuðningi og úrræðum Barnaverndar Reykjavíkur (BR) er fyrir börn 18 ára og eldri. Flest börn sem sóttu um áframhaldandi stuðning og úrræði voru í fóstri eða höfðu verið vistuð á stofnun. Úttektin snýr einnig að þeim sem urðu 18 ára 2010 og út júlí 2011 og höfðu verið vistaðir eða settir í fóstur fyrir 18 ára aldur til þess að fá heildstæðari mynd af þessum hópi.

Undanfarin ár hefur ungmennum fjölgað sem hafa sótt um áframhaldandi stuðning og úrræði BR eftir að 18 ára aldur er náð. Samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun Velferðarsviðs 2011 var skrifstofu Velferðarsviðs ætlað að greina þörf á áframhaldandi stuðningi og þjónustu fyrir börn sem orðin eru 18 ára og hafa notið stuðnings BR. Samkvæmt 3.gr. og 25.gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002 er gert ráð fyrir að börn geti fengið stuðning áfram leiti þau eftir því. Í 3.gr. segir: “Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs“. Í 25.gr. laganna segir: „Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarnefnd eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarf barnsins fyrir frekari úrræði. Barnaverndarnefnd getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs“.

2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Á árunum 2005 – 2010 hefur börnum fjölgað úr 9 í 18 sem sótt hafa um áframhaldandi stuðning og úrræði samkvæmt 3.gr. og 25.gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002 við 18 ára aldur eða um helming.

Í málaskrá BR voru 207 börn fædd 1992 og út júlí 1993. Af þeim voru 80 börn, 49 drengir og 31 stúlka, sem fóru í fóstur eða voru vistuð á vegum BR. Í flestum tilfellum var máli barns lokað hjá BR þegar það var orðið 18 ára eða í 65% tilfella. Í 19 (23,75%) tilfellum var þeim hins vegar vísað til þjónustumiðstöðva í hverfi þeirra, 9 (11,25) börn bjuggu ennþá hjá fósturforeldrum eða á vistheimili eftir að þau urðu 18 ára.

Algengasta ástæða fyrir vistun eða fóstri hjá 9 börnum fædd 1992 og út júlí 1993 sem bjuggu áfram hjá fósturforeldrum eða á vistheimili eftir 18 ára aldur var vegna geðrænna vandamála foreldra, vímuefnanotkun foreldra, vanrækslu foreldra eða hegðunarferðleika barns. Flest áttu við fjölpættan vanda að stríða, fjórir af þessum níu áttu við vímuefnavanda að stríða.

Fjögur af þeim 9 höfðu enga greiningu. Af þeim sem höfðu greiningu voru sértækir námsörðugleikar algengasta greiningin eða í 5 tilvikum. Næst á eftir var ofvirkni í 2 tilvikum. Eitt barnanna var greint með einhverfu og ADHD og eitt með þroskahömlun.

Árið 2010 voru 18 börn, 8 stúlkur og 10 drengir með stuðning og úrræði frá BR samkvæmt 3.gr. og 25.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002, fædd árin 1990, 1991 og 1992.

Öll nema eitt voru áfram í fóstri eða vistun á stofnun. Aðeins 5 af 18 áttu ekki við fjölþættan vanda að stríða.

Af 18 börnum voru 9 börn með meðlag vegna menntunar og voru fimm af þeim í námi sem gekk vel. Þrír voru með meðlag/barnalífeyri vegna fjölþættra vandamála, 4 voru á meðferðarstofnun vegna vímuefnavanda og 1 í eftirmeðferð vegna vímuefnavanda í göngudeild. Samtals 5 börn með vímuefnavanda. Eitt barn var í sálfræðimeðferð, en var hvorki í fóstri eða vistun.

Ástæða fyrir tilkynningu til BR í upphafi í málefnum þeirra 80 barna sem síðar voru vistuð eða send í fóstur var oftast vegna vanrækslu eða í 12 tilvikum (15%), í 11 tilvikum vegna hegðunarerfiðleika barns (13,6%) og í 10 tilvikum vímuefnanotkun foreldra (12,5%).

Hjá þeim 80 börnum sem voru vistuð eða sett í fóstur var tímabundið fóstur á einkaheimili algengasta úrræði í 30 tilvikum. Tímabundna vistun á vistheimili var einnig nokkuð algengt eða í 21 tilviki. Auk vistunnar eða fósturs fengu mörg barnanna sálfræðimeðferð eða í 28 tilvikum og/eða persónulegan ráðgjafa í 21 tilviki. Þó nokkur börn fengu viðtöl í Barnahúsi eða í 14 tilvikum.

Í þeim tilvikum sem börn voru vistuð oftast en einu sinni var algengast að það væri á Neyðarvistun Stuðla, 13 einstaklingar af 23 voru vistaðir þar oftast en einu sinni.

Algengast var að barn væri vistað vegna hegðunarerfiðleika (22,8%) og vímuefnanotkunar (21,4%).

Af þeim 80 börnum sem fóru í fóstur eða í vistun voru 49 með greiningu um geðsjúkdóm eða geðröskun. Algengasta greiningin var ADHD (13,3%), næst á eftir var ofvirkni (8,8%).

Fjölþætt úrræði voru nýtt til úrlausnar vegna vanda barnanna eða 30 mismunandi úrræði.

3. AÐFERÐAFRÆÐI OG FRAMKVÆMD

Í maí 2011 talaði verkefnastjóri á skrifstofu Velferðarsviðs við tvo deildarstjóra BR til að fá innsýn í hvaða vanda börn eiga við að stríða sem sækja um áframhaldandi stuðning og úrræði hjá BR. Í júní og júlí unnu tveir nemar í sumarvinnu upplýsingar úr málaskrá BR og þjónustumiðstöðva ásamt því að skrá þær í tölfræðiforritið SPSS og gerðu uppkast af skýrslu undir handleiðslu verkefnisstjóra á skrifstofu Velferðarsviðs. Verkefnastjóri lauk við greiningu á gögnum og skýrslugerð í október.

A. RANNSÓKNARSPURNINGAR

1. Hvað hafa margir sótt um áframhaldandi stuðning og þjónustu frá 2005-2010 ?
2. Hvaða stuðningur og þjónusta er það sem notendur hafa fengið fram að 18 ára aldri sem eru fæddir 1992 og út júlí 1993 ?
3. Hversu margir höfðu áframhaldandi stuðning og þjónustu árið 2010 ?
4. Hvaða stuðningur og þjónusta er það sem er sótt um áfram ?

B. RANNSÓKNARSNID

Skráð gögn í málaskrá BR voru skoðuð til að afla upplýsinga um fjölda notenda sem hafa sótt um áframhaldandi þjónustu eftir 18 ára aldur og hvaða áframhaldandi stuðning og þjónustu umræddir notendur sóttu um. Jafnframt var skoðað hvaða stuðning og þjónustu börnin höfðu haft fyrir 18 ára aldur. Aflað var upplýsinga um börn fædd 1992 og út júlí 1993 og þeirra sem höfðu áframhaldandi stuðning og þjónustu árið 2010. Fylltir voru út spurningalistar fyrir hvert barn fyrir sig. Upplýsinga var aflað um ástæðu fyrir tilkynningu máls barnsins til BR í upphafi, hver tilkynnti málið, hvaða úrræði barnið fékk, ástæður fyrir úrræðum og greiningar barns. Sérstaklega voru skoðaðar upplýsingar um hvort og þá hvaða áframhaldandi þjónustu börnin fengu eftir 18 ára aldur. Niðurstöður spurningalista voru skráðar í tölfraeðiforritið SPSS. Lýsandi tölfraeðigreining var gerð.

C. ÞÁTTTAKENDUR

Þátttakendur voru 2 deildarstjórar BR sem veittu upplýsingaviðtal áður en vinna við gagnaöflun í málaskrá BR og þjónustumiðstöðva hófst. Skoðuð voru mál allra barna í málaskrá BR fædd 1992 og út júlí 1993 sem voru vistuð eða fóru í fóstur. Samtals voru það 80 börn, 49 drengir og 31 stúlka. Einnig var skoðað hvaða þjónustu 18 ára og eldri höfðu árið 2010, samtals voru það 18 börn, 10 drengir og 8 stúlkur.

D. MÆLITÆKI

Spurningalisti með bakgrunnsbreytum og breytum sem voru unnar út frá rannsóknarspurningum sem var fylltur út fyrir hvert barn fætt 1992 til út júlí 1993. Einnig voru sömu breytur notaðar við gagnaöflun varðandi 18 ára og eldri sem voru með þjónustu samkvæmt 3.gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002 árið 2010.

4. NIÐURSTÖÐUR

Í málaskrá BR voru 207 börn fædd 1992 og út júlí 1993. Af þeim voru 80 eða 38,6%, 49 drengir og 31 stúlka, sem fóru í fóstur eða voru vistuð á vegum BR, níu af þeim sóttu um áframhaldandi stuðning og þjónustu við 18 ára aldur. Þá voru 18 einstaklingar 18 ára og eldri 8 stúlkur og 10 drengir með stuðning og þjónustu frá BR árið 2010 samkvæmt 3.gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002. Niðurstöðum er skipt í tvo kafla A og kafla B.

Árið 2005 sóttu 9 börn um áframhaldandi stuðning og úrræði við 18 ára aldur, árið 2006 9 börn, árið 2007 16 börn, árið 2008 19 börn, árið 2009 16 börn, 2010 18 börn.


Í kafla A er fjallað um einstaklinga sem eru fæddir 1992 og út júlí 1993. Niðurstöður um fjölda þeirra, tilkynningar í upphafi til BR, ástæðu tilkynninga, úrræði sem börnum var vísað í, greiningar barna sem fóru í vistun eða fóstur, ástæðu fyrir vistun eða fóstur og tengsl greininga og ástæðu vistunar eða fósturs. Einnig fjölda þeirra sem var vísað í þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum við 18 ára aldur og þeirra sem sóttu um áframhaldandi stuðning og úrræði frá BR samkvæmt 3gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í kafla B er fjallað um einstaklinga 18 ára og eldri sem fengu áframhaldandi stuðning og úrræði frá BR árið 2010. Niðurstöður um fjölda þeirra, stuðning og úrræði fram að 18 ára aldri, vanda þeirra og stuðning og úrræði frá BR samkvæmt 3gr. núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002.

A. STUÐNINGUR OG ÚRRÆÐI BR VIÐ BÖRN UNDIR 18 ÁRA ALDRI

1. TILKYNNING Í UPPHAFI


Skoðað var hver tilkynnti um aðstæður 80 barna fædd 1992 og út júlí 1993. Á mynd 1 má sjá að í flestum tilfellum var það lögregla eða í 19 tilvikum (24%) einnig var algengt að tilkynning bærst frá skóla eða í 11 tilvikum (14%) eða foreldrum barns í 11 tilvikum (14%). Í fæstum tilfellum tilkynnti barnið sjálft eða í 3 tilvikum (1%). Í nokkrum tilfellum var ekki vitað hver tilkynnti mál barnsins til BR í upphafi þar sem ekki eru til upplýsingar á tölvutæku formi um mál sem bárust fyrst til BR fyrir 2000.



MYND 1. HVER TILKYNNNTI TIL BR Í UPPHAFI UM MÁL BARNIS.

2. ÁSTÆÐUR TILKYNNINGAR Í UPPHAFI

Ástæður fyrir tilkynningu til BR í upphafi eru margvíslegar. Sjá má á mynd 2 að algengast var að mál þeirra 80 barna sem síðar voru vistuð eða send í fóstur væri tilkynnt í upphafi vegna vanrækslu eða í 12 tilvikum (15%), í 11 tilvikum vegna hegðunarerfiðleika barns (13,6%) og í 10 tilvikum vímuefnanotkun foreldra (12,5%). Sjaldgæft var að ástæða fyrir tilkynningu í upphafi væri þroskahömlun foreldris (1,25%) eða skólaerfiðleikar barns (1,25%). Í flestum tilfellum (18,8%) var raunar ekki vitað hvers vegna mál barns var tilkynnt til BR í upphafi. Skýringin á því er sú að tilkynningar mála sem bárust fyrir 2000 eru ekki til á tölvutæku formi.



MYND 2. ÁSTÆÐA TILKYNNINGAR Í UPPHAFI TIL BR.

3. ÚRRÆÐI SEM BÖRNUM VAR VÍSAÐ Í

Í töflu 1 má sjá hve mörg börn fengu hvert úrræði. Jafnframt kemur fram fjöldi barna sem fékk sama úrræðið oftast en einu sinni. Hjá þeim 80 börnum sem voru vistuð eða sett í fóstur var tímabundið fóstur á einkaheimili algengasta úrræði í 30 tilvikum bæði hjá stúlkum og drengjum. Tímabundin dvöl á vistheimili var einnig nokkuð algengt eða í 21 tilviki. Slíkt úrræði var þó helmingi algengara hjá drengjum (14/21) en stúlkum (7/21). Eingöngu drengir fóru í styrkt fóstur (5). Fæstir fóru í Geldingarlæk, einungis einn drengur. Einnig fóru fáir í Laugaland, 3 stúlkur. Auk vistunnar eða fósturs fengu mörg barnanna sálfræðimeðferð (28) og/eða persónulegan ráðgjafa (21). Mun fleiri drengir (16) en stúlkur (5) fengu persónulegan ráðgjafa. Þó nokkur börn fengu viðtöl í Barnahúsi (14), 11 stúlkur og 3 drengir. Sum börn fengu sama úrræði oftast en einu sinni. Í þeim tilvikum

sem börn voru vistað oftari en einu sinni var algengast að það væri á Neyðarvistun Stuðla en 13 einstaklingar af 23 voru vistaðir þar oftari en einu sinni.

TAFLA 1. ÚRRÆÐI Á VEGUM BARNAVERNDARAR REYKJAVÍKUR, SKIPT EFTIR KYNI

Úrræði	KVK	KK	Alls	Fjöldi barna sem fór oftari en 1x
Tímabundið fóstur á einkaheimili	15	15	30	5
Tímabundið fóstur hjá ættingjum	6	8	14	5
Tímabundið vistun á vistheimili	7	14	21	6
Varnalegt fóstur á einkaheimili	4	8	12	1
Varanlegt fóstur hjá ættingjum	1	4	5	0
Styrkt fóstur	0	5	5	0
Stuðningsfjölskylda	4	8	12	1
Stuðningurinn heim	4	4	8	1
Persónulegur ráðgjafi	5	16	21	3
Sálfræðimeðferð/greining/geðlæknir	12	16	28	3
Fjölsmiðjan	1	8	9	1
Foreldrahús	8	10	18	2
Greining á BUGL	5	4	9	0
Vistun á BUGL	5	6	11	0
Hraunberg	6	8	14	4
Götusmiðjan	4	15	19	5
Háholt	1	4	5	0
Laugaland	3	0	3	0
Árbót	0	4	4	1
Geldingarlækur	0	1	1	0
Hamarskot	1	3	4	0
Neyðarvistun á Stuðlum	10	13	23	13
Greiningar- og meðferðarvistun á Stuðlum	8	10	18	2
Vogur	6	10	16	3
SÁÁ annað	2	2	4	0
Sumardvöl	2	6	8	1
Barnahús	11	3	14	2
Brúarskóli	1	3	4	0
Hálendishópurinn	2	1	3	0
MST fjölkerfameðferð	0	5	5	0
Annað	0	6	6	0
Heildarfjöldi	134	220	354	59

4. ÁSTÆÐA FYRIR FÓSTRÍ EÐA VISTUN

Líkt og ástæður fyrir tilkynningum máls barns til BR í upphafi eru mismunandi ástæður fyrir vistun eða fóstri fjölbreyttar auk þess sem oft kunna að vera fleiri en ein ástæða fyrir vistun eða fóstri barns. Tafla 2 sýnir að algengast var að barn væri vistað vegna hegðunarerfiðleika (22,8%) og vímuefnanotkunar (21,4%). Á það við um bæði kyn. Undir annað/ekki vitað voru þau mál flokkuð sem ekki voru til tölvutækar upplýsingar um. Í þeim tilvikum hefur barnið sennilega verið vistað eða sent í fóstur fyrir árið 2000.

TAFLA 2. ÁSTÆÐA FYRIR FÓSTRÍ EÐA VISTUN, SKIPT EFTIR KYNI.

Ástæða fyrir fóstri eða vistun	KVK	KK	Alls
Veikindi foreldra	1	1	2
Þroskahömlun foreldra	1	0	1
Geðræn vandamál foreldra	5	9	14
Vímuefnanotkun foreldra	6	12	18
Andlát foreldra	2	1	3
Vímuefnanotkun barns	11	20	31
Hegðunarerfiðleikar barns	12	21	33
Vanræksla	10	11	21
Ágreiningur milli barns og foreldris	8	3	11
Annað/ekki vitað	4	7	11
Heildarfjöldi	60	85	145

5. TENGL ÁSTÆÐU FYRIR TILKYNNINGU OG FÓSTRÍ EÐA VISTUN

Ef skoðuð eru tengsl á milli ástæðu fyrir tilkynningu til Barnaverndarnefndar í upphafi og ástæðu fyrir fóstri kemur í ljós að í flestum tilfellum eru ástæðurnar þær sömu eða svipaðar. Þó skal tekið fram að ástæða fyrir tilkynningu í upphafi er yfirleitt ein. Hins vegar kunna ástæður fyrir vistun eða fóstri að vera margar. Athyglisvert er að 29% mála barna, sem fóru í fóstur vegna geðrænna vandamála foreldra, bárust upphaflega vegna hegðunarerfiðleika barnsins. Í þeim tilfellum sem barn var vistað eða fór í fóstur vegna andláts foreldris voru málin í upphafi ýmist tilkynnt vegna vanrækslu eða geðröskunar foreldra. Rúmlega 16% mála þeirra barna sem voru vistuð eða fóru í fóstur vegna eigin vímuefnanotkunar bárust í upphafi til BR af sömu ástæðu, það er vímuefnanotkun barns. Aftur á móti var algengast að mál þessara barna bárust í upphafi vegna afbrota (23%) eða hegðunarerfiðleika barnsins (19%). Í 11 tilfellum var ástæða vistunar eða fósturs ágreiningur milli barns og foreldris, þar af voru 18% tilfella sem bárust vegna heimiliserja annars vegar og kynferðisafbrotis hins vegar og 27% tilfella bárust í upphafi til BR af annarri eða óþekktri ástæðu.

6. GREININGAR BARNNA SEM FÓRU Í FÓSTUR EÐA VISTUN

Af þeim 80 börnum sem fóru í fóstur eða í vistun voru 49 með greiningu um geðsjúkdóm eða geðröskun. Sjá má í töflu 3 að ADHD var algengasta greiningin (13,3%) bæði hjá stúlkum og drengjum. Næst á eftir var ofvirkni (8,8%). Fæst börn, af þeim 80 sem fóru í fóstur eða vistuð voru greind með átröskun. Aðeins ein stúlka en enginn drengur. Auk þess voru lesblinda, tourette og geðrof/geðklofi sjaldgæfar greiningar. Samtals 5,3% barnanna voru með þessar greiningar, 2 börn með hverja greiningu fyrir sig.

TAFLA 3. GREINING BARNA SEM FÓRU Í FÓSTUR EÐA VISTUN, SKIPT EFTIR KYNI.

Greining	KVK	KK	Alls
Proskahömlun	4	5	9
Einhverfa/einhverfuróf	0	4	4
Punglyndi	3	2	5
ADHD	6	9	15
Ofvirkni	3	7	10
Árátta og þráhyggja	0	4	4
Átröskun	1	0	1
Sértækir námsörðugleikar	1	7	8
Lesblinda	0	2	2
Tourette	0	2	2
Kvíði	2	6	8
Hegðunarvandi	1	7	8
Lág meðalgreind	3	1	4
Geðrof/geðklofi	0	2	2
Engin greining	10	21	31
Heildarfjöldi	38	75	113

*Taka skal fram að hvert barn gat haft fleiri en eina greiningu.

7. FÓSTUR EÐA VISTUN OG VANDI BARNA

Þegar skoðuð voru helstu úrræði fyrir hverja ástæðu fósturs eða vistunar fyrir sig kom í ljós að tímabundið fóstur á einkaheimili er lang algengasta úrræðið þrátt fyrir að ástæður fvistunarinnar séu mismunandi. Sjá má í töflu 4 að sú tegund úrræðis virðist algengust þegar ástæða fóstursins var vegna foreldra barnsins (geðræn vandamál foreldra, vímuefnanotkun foreldra, vanræksla eða ágreiningur milli barnsins og foreldris). Hins vegar var Neyðarvistun á Stuðlum algengasta úrræðið þegar ástæða fóstursins var vegna barnsins, bæði þegar um var að ræða hegðunarvanda barns og vímuefnanotkun barns.

TAFLA 4. ÁSTÆÐA FYRIR FÓSTRI EÐA VISTUN OG ALGENGUSTU ÚRRÆÐI.

Ástæða fyrir fóstri	Úrræði
Veikindi foreldra	Tímabundið fóstur hjá ættingjum 2x
Proskahömlun foreldra	Tímabundið fóstur á einkaheimili 1x, stuðningurinn heim 1x, persónulegur ráðgjafi 1x og sálfræðimeðferð 1x
Geðræn vandamál foreldra	Tímabundið fóstur á einkaheimili 6x
Vímuefnanotkun foreldra	Tímabundið fóstur á einkaheimili 9x
Andlát foreldra	Tímabundið fóstur á einkaheimili 2x, tímabundið fóstur á vistheimili 2x og varanlegt fóstur hjá ættingjum 2x
Vímuefnanotkun barns	Neyðarvistun á Stuðlum 18x
Hegðunarerfiðleikar barns	Neyðarvistun á Stuðlum 15x
Vanræksla	Tímabundið fóstur á einkaheimili 13x
Ágreiningur milli barns og foreldris	Tímabundið fóstur á einkaheimili 7x
Annað/ekki vitað	Tímabundið fóstur á einkaheimili 5x og Sálfræðimeðferð 5x

Af ofangreindum upplýsingum má sjá að algengasta ástæða fyrir fóstri eða vistun barns er vegna hegðunarerfiðleika barnsins eða vímuefnaneyslu þess. Þegar teknar voru saman tölur um tengsl vímuefnanotkunar og hegðunarvanda barnanna sem farið höfðu í fóstur eða vistun kom í ljós að 20 af þeim 31 sem áttu við vímuefnanotkun að stríða áttu einnig við hegðunarvanda að stríða og 20 af þeim 33 sem áttu við hegðunarvanda að stríða áttu einnig við vímuefnavanda að stríða. Í heildina áttu 25% af þeim 80 börnum sem voru vistuð eða fóru í fóstur bæði við hegðunarvanda og vímuefnavanda að stríða.

Eins og hefur komið fram er það ekki í öllum tilfellum sem barnið sjálft er ástæða fyrir vistun eða fóstri. Vanræksla og vímuefnanotkun foreldra er einnig algeng ástæða fyrir vistun eða fóstri barna. Þegar teknar voru saman tölur um tengsl vanrækslu foreldra og vímuefnaneyslu foreldra barna sem farið höfðu í fóstur eða vistun kom í ljós að í 11 skiptum af 18 þegar vímuefnanotkun foreldra átti sér stað var einnig um vanrækslu foreldra að ræða og í 11 skiptum af 21 þar sem vanræksla átti sér stað var einnig um vímuefnaneyslu foreldra að ræða. Í heildina átti vanræksla og vímuefnaneysla foreldra sér stað saman í 11 skiptum af 80 eða 13,7%.

B. STUÐNINGUR OG ÚRRÆÐI BR VIÐ BÖRN 18 ÁRA OG ELDRI

Í töflu 5 má sjá upplýsingar um áframhaldandi þjónustu við þau 80 börn sem voru vistuð eða fóru í fóstur. Í flestum tilfellum (65%) var máli barns lokað hjá BR þegar það var orðið 18 ára. Í 19 (23,75%) tilfellum var þeim hins vegar vísað til þjónustumiðstöðvar í hverfi þeirra, 9 (11,25) börn bjuggu ennþá hjá fósturforeldrum eða á vistheimili eftir að þau urðu 18 ára.

TAFLA 5. ÁFRAMHALDANDI STUÐNINGUR OG ÚRRÆÐI EFTIR 18 ÁRA ALDUR.

Áframhaldandi þjónusta hjá BR eftir 18 ára alur	Fjöldi
Býr hjá fósturforeldrum/vistheimili	9
Vísað í þjónustumiðstöð	19
Engin áframhaldandi þjónusta	52
Heildarfjöldi	80

1. VÍSAÐ Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Einnig voru skoðuð sérstaklega mál 19 barna sem vísað var í Þjónustumiðstöð við 18 ára aldur. Eins og sjá má í töflu 6 var heildarfjöldi ástæðna fyrir fóstri eða vistun 28 og algengustu ástæðurnar fyrir fóstri eða vistun þessara 19 barna var vímuefnanotkun eða hegðunarerfiðleikar barns. Þar á eftir komu ástæðurnar vanræksla, ágreiningur milli barns og foreldris, geðræn vandamál foreldra, annað/ekki vitað, veikindi foreldra og þroskahömlun foreldra.

TAFLA 6. ÁSTÆÐUR FYRIR FÓSTRI EÐA VISTUN ÞEIRRA BARNNA SEM VÍSAÐ VAR TIL ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVA VIÐ 18 ÁRA ALDUR.

Ástæður fyrir fóstri/vistun	Fjöldi
Veikindi foreldra	1
Proskahömlun foreldra	1
Geðræn vandamál foreldra	2
Vímuefnanotkun barns	9
Hegðunarerfiðleikar barns	9
Vanræksla	2
Ágreiningur milli barns og foreldris	2
Annað/ekki vitað	2
Heildarfjöldi ástæðna	28

Í 7 tilfellum áttu foreldrar þessara 19 barna við engan vanda að stríða, en algengasti vandinn var þó geðrænn vandi eða í 3 tilvikum og félagslegur vandi í 3 tilvikum. Í töflu 7 má sjá tengsl foreldra við þjónustumiðstöðvar. Algengast var að foreldrar fengju aðstoð vegna erfiðleika barns (10) eða fjárhagsstyrk (9) frá þjónustumiðstöð.

TAFLA 7. TENGLS FORELDRA, BARNNA SEM VAR VÍSAÐ TIL ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR VIÐ 18 ÁRA ALDUR, VIÐ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR.

Tengsl foreldra við þjónustumiðstöðvar	KVK
Heimaþjónusta	4
Fjárhagsstyrkur	9
Sálfræðiþjónusta	4
Aðstoð vegna erfiðleika barns	10
Húsnæði á vegum Félagsþjónustunnar	1
Engin	5
Heildarfjöldi tengsla	33

2. FÆDD 1992 OG ÚT JÚLÍ 1993 MEÐ STUÐNING OG ÚRRÆÐI SAMKVÆMT 3.GR.

Skoðuð voru sérstaklega þau 9 börn af 80 sem bjuggu áfram hjá fósturforeldrum eða á vistheimili eftir 18 ára aldur. Um er að ræða 3 stúlkur og 6 drengi. Í töflu 8 má sjá ástæðu fyrir fóstri eða vistun þeirra sem fengu áframhaldandi fóstur eða vistun eftir 18 ára aldur. Heildarfjöldi ástæðna fyrir fóstri eða vistun var 24 og var algengasta ástæðan geðræn vandamál foreldra, vímuefnanotkun foreldra, vanræksla foreldra eða hegðunarerfiðleikar barns. Mál sex barna bárust í upphafi vegna vandamála foreldra, ýmist vegna geðröskunar foreldra, vímuefnanotkun foreldra og vanrækslu að hálfu foreldra. Í þremur málum barst málið til BR vegna hegðunarerfiðleika barnsins.

TAFLA 8. ÁSTÆÐUR FYRIR FÓSTRI EÐA VISTUN BARNA SEM FENGU ÁFRAMHALDANDI FÓSTUR EÐA VISTUN Á VEGUM BR EFTIR 18 ÁRA ALDUR ÁRIÐ 2010.

Ástæður	Fjöldi
Veikindi foreldra	1
Geðræn vandamál foreldra	4
Vímuefnanotkun foreldra	4
Andlát foreldra	2
Vímuefnanotkun barns	3
Hegðunarerfiðleikar barns	5
Vanræksla	5
Heildarfjöldi ástæðna	24

Þegar skoðað var hvort þessi níu börn væru með greiningu kom í ljós að 4 börn höfðu enga greiningu. Af þeim sem höfðu greiningu voru sértækir námsörðugleikar algengasta greiningin eða í 5 tilvikum. Næst á eftir var ofvirkni í 2 tilvikum. Eitt barnanna var greint með einhverfu og ADHD og eitt með þroskahömlun. Átta af þessum börnum voru með stuðning og úrræði árið 2010 sem fjallað er um í næsta kafla. Fjórir af þessum níu áttu við vímuefnavanda að stríða.

Einnig voru skoðaðir foreldrar barna sem fengu áframhaldandi fóstur eða vistun eftir 18 ára aldur. Skoðaður var bæði vandi foreldra og tengsl þeirra við þjónustumiðstöðvar. Algengasti vandi foreldranna var áfengis- og vímuefnaneysla eða í 4 tilvikum, í 1 tilviki geðrænn vandi, einu líkamleg veikindi og í 3 tilvikum var ekki vandi hjá foreldrunum. Í töflu 9 má sjá tengsl foreldra barna sem fengu áframhaldandi vistun eftir 18 ára aldur við þjónustumiðstöðvar. Algengast var að foreldrar fengju fjárhagsaðstoð eða í 5 tilvikum, aðstoð vegna erfiðleika barns í 3 tilvikum, í 2 tilvikum sálfræðiþjónustu og í 1 heimaþjónustu. Í 2 tilvikum fengu foreldrar enga aðstoð frá þjónustumiðstöð.

TAFLA 9. TENGL FORELDRA, BARNA SEM FENGIÐ HAFU ÁFRAMHALDANDI FÓSTUR EÐA VISTUN Á VEGUM BR EFTIR 18 ÁRA ALDUR, VIÐ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR.

Tengsl foreldra við félagsþjónustuna	KVK
Heimaþjónusta	1
Fjárhagsstyrkur	5
Sálfræðiþjónusta	2
Aðstoð vegna erfiðleika barns	3
Engin	2
Heildarfjöldi tengsla	13

3. MEÐ STUÐNING OG ÚRRÆÐI SAMKVÆMT 3.GR. BARNAVERNDARLAGA NR.80/2002 ÁRIÐ 2010

Árið 2010 voru 18 einstaklingar með þjónustu frá BR samkvæmt 3.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002, 10 drengir og 8 stúlkur fædd árin 1990, 1991 og 1992. Eins og kemur fram í töflu 10 voru 9 einstaklingar með meðlag vegna menntunar, 3 með meðlag/barnalífeyri vegna fjölþættra vandamála, 4 voru á meðferðarstofnun vegna vímuefnavanda, 1 í eftirmeðferð í göngudeild vegna vímuefnavanda, og 1 í sálfræðimeðferð vegna ofbeldis frá hendi föður.

TAFLA 10. TEGUND ÞJÓNUSTU VIÐ 18 ÁRA OG ELDRÍ 2010

Tegund þjónustu við 18 ára og eldri 2010	Fjöldi
Menntunarmeðlag	9
Meðlög/barnalífeyrir	3
Meðferðarstofnun - vímuefnavandi	4
Sálfræðimeðferð	1
Göngudeild – vímuefnavandi	1

Menntunarmeðlag var greitt fyrir 9 einstaklinga sem allir höfðu verið í varanlegu fóstri og bjuggu áfram hjá fósturforeldrum. Af þeim voru 5 í námi sem gekk vel. Í málefnum þeirra flestra hafði komið til eitthvað af eftirtöldum úrræðum og oft fleiri en eitt: sálfræðimeðferð, listmeðferð, skammtíamavistun á Laugarásvegi, tímabundið fóstur, námsaðstoð, ráðgjöf fyrir foreldra og fósturforeldra og þjónusta við kynforeldri varðandi umgengni. Hinir 4 höfðu hætt námi og ekki sýnt góða ástundun. Þessir einstaklingar áttu það sameiginlegt að eiga við ýmsan vanda að stríð, sem er eftirfarandi: námserfiðleikar, erfiðleikar með einbeitingu og litla félagslega færni, afbrot, athyglisbrest án ofvirkni, málhömlun, mótþróaþrjóscuröskun, gagntæka þroskaröskun, tilhneigingu til árátta- og þráhyggjuhegðunar, kvíða og þunglyndi. Eftirfarandi úrræðum hafði verið beitt til að mæta vanda þeirra frá því BR kom að málum þeirra: sálfræðimeðferð, meðferð hjá BUGL, Barnahúsi, skammtíamavistanir á Laugarásvegi, tímabundið fóstur, stuðningsfjölskylda, ráðgjöf fyrir foreldra og fósturforeldra og þjónusta við kynforeldri varðandi umgengni.

Þeir 3 sem var greitt meðlag/barnalífeyri eftir 18 ára aldur áttu við fjölþættan vanda að stríða. Í einu tilfalli var um að ræða þroskahömlun. Í öðru tilfalli var um að ræða misþroska, einhverfuróf, námserfiðleika og athyglisbrest og í þriðja tilvikinu var um að ræða lesblindu, ADHD og kvíða. Eftirfarandi úrræðum hefur verið beitt í málum þeirra: sálfræðimat, sálfræðimeðferð, lyf við ADHD og kvíða, skammtíamavistun í Vaglaseli, greiningu á Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins, tímabundið fóstur og varanlegt fóstur.

Einn fékk greidda sálfræðimeðferð vegna vanlíðunar í kjölfar ofbeldis af hálfu foreldris. Í málefnum þessa einstaklings hafði ekki verið beitt öðrum úrræðum.

Í tilvikum 5 einstaklinga var um vímuefnavanda að ræða og voru 4 af þeim vistaðir á stofnun og 1 var í meðferð í Foreldrahúsi þ.e. göngudeildarmeðferð. Skráður vandi hjá

Þessum börnum var eftirfarandi: námserfiðleikar, kvíði, félagsfælni, vímuefnaneysla og óregla foreldra, hegðunarvandi, þunglyndi, fjarvist úr skóla, sjálfsvígstilraunir, ADHD, afbrot, útigangur, í einu tilviki þolandi ofbeldis, í einu tilviki þolandi kynferðislegs ofbeldis, í einu tilviki gerandi ofbeldis og í einu tilviki misþroski. Í málefnum þessara 5 einstaklinga hafði verið beitt eftirfarandi úrræðum: persónulegur ráðgjafi, móður veitt ráðgjöf og stuðningur, styrkur úr Velferðarsjóði, tómstundanám greitt af BR, sálfræðimat, geðlæknisviðtöl, námsráðgjöf, sálfræðimeðferð, tímabundið fóstur, nám við sérdeildarúrræði Vallaskóla, bráðmóttöku geðdeildar og Fjölsmiðjunni. Ítrekað innlagnir í meðferð hjá Götusmiðjunni, SÁÁ, Brúarholt/Götusmiðjan, Hamarskoti, Hvítarbakka, neyðarvistun á Stuðlum, áfangaheimilum fyrir fíkla ásamt göngudeildarmeðferð í Foreldrahúsi.

5. SAMANTEKT

Niðurstöður í kafla A sýna að þau 80 börn sem hafa verið vistuð eða sett í fóstur eiga flest við fjölpættan vanda að stríða. Af 80 eru flestir eða 49 með greiningu um geðsjúkdóm eða geðröskun. Algengasta greiningin var ADHD, ofvirkni og þar á eftir sértækir námserfiðleikar, kvíði, hegðunarvandi og lág meðalgreind. Einnig kemur fram að mörgum ólíkum úrræðum var beitt í málefnum barnanna. Algengasta ástæða fyrir vistun eða fóstri var hegðunarvandi barns og þar á eftir vímuefnavandi barns. Aðrar ástæður sem voru einnig algengar var vanræksla, vímuefnanotkun og geðrænn vandi foreldra. Algengustu úrræði voru neyðarvistun á Stuðlum þegar vandi barns var ástæða fyrir vistun og tímabundið fóstur þegar ástæða fyrir vistun var vandi foreldra. Algengt var að bæði börn og kynforeldrar þeirra ætti við vímuefnavanda að stríða.

Í niðurstöðum í kafla B kemur fram að af 80 börnum var 19 börnum vísað í þjónustu í þjónustumiðstöð við 18 ára aldur og 9 börn sóttu um áframhaldandi stuðning og úrræði frá BR. Algengasti vandi þeirra barna sem var vísað í þjónustumiðstöð við 18 ára aldur var vímuefnavandi og hegðunarvandi. Hvað varðar þjónustu þjónustumiðstöðva við foreldra þessa barna var algengast að þeir fengu aðstoð vegna erfiðleika barna og fjárhagsaðstoð.

Eins og áður segir sóttu 9 börn af 80 um áframhaldandi stuðning og úrræði við 18 ára aldur. Flest þeirra áttu við hegðunarvanda og vímuefnavanda að stríða. Vandi foreldra þeirra var oftast vímuefnavandi og jafn margir með geðrænan vanda. Foreldrar þessa barna fengu flestir fjárhagsaðstoð hjá þjónustumiðstöð og þar á eftir aðstoð vegna erfiðleika barns. Við 18 ára aldur sóttu öll 9 börnin um áframhaldandi vistun eða fóstur en í mismunandi úrræðum.

Þau 18 börn sem voru með áframhaldandi stuðning og úrræði frá BR árið 2010 voru flest með menntunarmeðlag sem áframhaldandi stuðning og bjuggu áfram hjá fósturforeldrum, þar á eftir var algengast vistun á stofnun vegna vímuefnavanda auk þess sem einn var í göngudeildarmeðferð vegna vímuefnavanda. Átta af þeim voru fædd 1992 og eru hluti af þeim níu börnum sem sem sóttu um áframhaldandi stuðning af þeim 80 börnum sem fjallað er sérstaklega um í skýrslunni.

Niðurstöður sýna að þau börn sem sækja um áframhaldandi stuðning og úrræði við 18 ára aldur eiga við mismunandi vanda að stríða og mismunandi þörf er fyrir stuðningi og úrræðum. Í mörgum tilfellum er einnig um fjölþættan vanda að stríða og fjölda úrræða hefur verið beitt í málefnum barnanna. Flest börnin standa illa við 18 ára aldur og eru ófær um að standa á eigin fótum og þurfa áframhaldandi fóstur eða vistun ásamt fjölbreytilegri annarri þjónustu.

Í samtali við deildarstjóra BR kom fram að um fjölþættan vanda væri að ræða hjá börnum sem sækja um áframhaldandi stuðning við 18 ára aldur. Einnig kom fram í máli þeirra að mikið úrræðaleysi er varðandi þjónustu við þau börn sem eiga við vímuefnavanda að stríða og jafnframt að mikil þörf sé á slíkum úrræðum.

Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar er þörf fyrir áframhaldandi búsetu hjá fósturfjölskyldu bæði fyrir þau börn sem standa vel að vígi varðandi menntun og einnig fyrir börn sem ver standa gagnvart því að undirbúa sig fyrir fullorðins ár með námi eða starfsþjálfun. Af þeim 18 sem voru með áframhaldandi stuðning eftir 18 ára aldur voru 12 einstaklingar með þörf fyrir áframhaldandi búsetu hjá fósturforeldrum og 4 voru á stofnun aðeins eitt af 18 átti athvarf hjá sinni kynfjölskyldu. Einnig kemur fram að fjölþættur vandi er meðal flestra barnanna, aðeins 5 af 18 gekk vel.

6. VIÐAUKI

Hlutverk BR er að tryggja að reykvísk börn sem búa við óviðunandi aðstæður vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, eða ef óttast er að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, fái nauðsynlega aðstoð.

Öllum, hvort sem það eru starfsmenn leikskóla, grunnskóla, æskulýðs- og tólmstundarstarfs, heilsugæslu, vinir, nágrannar, lögregla eða aðrir sem haf ástæðu til þess að ætla að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði svo áfátt að því geti stafað hætta af, er skylt að tilkynna það til barnaverndarnefndar.

Markmið Barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Lögð er áhersla á að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

A. FÓSTUR

Um fóstur er að ræða þegar barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns til lengri eða skemmri tíma. Ástæður þess geta verið margvíslegar. Þær fósturráðstafanir sem um getur verið að ræða eru tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur.

1. TÍMABUNDIÐ FÓSTUR

Barni er komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi sem varð tilefni fóstursins innan skamms tíma þannig að barnið geti snúið heim að nýju. Þannig eru markmið ráðstöfunarinnar ólík því sem við á um varanlegt fóstur.

2. VARANLEGT FÓSTUR

Þegar barnið er komið í fóstur þar til forsjárskyldur falla niður með lögum er átt við varanlegt fóstur. Barni skal koma í varnalegt fóstur þegar tilefni til fósturs er mjög alvarlegt og ekki fyrirsjáanlegt að unnt verði að bæta úr því nema til varanlegs fósturs komi. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár. Markmiðið með varnalegu fósturi er að fósturbarn aðlagist og tilheyri fósturfjölskyldu eins og um eigið barn fósturforeldra væri að ræða.

3. STYRKU FÓSTUR

Með styrktu fósturi er átt við að mælt sé fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í tiltekinn tíma og að ríkið greiði hluta kostnaðar vegna slíkrar viðbótarþjónustu. Gert er ráð fyrir 1-3 börnum í styrktu fósturi á hverju heimili. Barni skal komið í styrkt fóstur þegar eftirfarandi þrjú atriði eiga við. Í fyrst lagi að barnið á við að stríða verulega hegðunarferfiðleika vegna geðrænna, tilfinningarlegra og annarra vandamála af því tagi. Í öðru lagi að uppfyllt er skilyrði til að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl. Í þriðja lagi þegar nauðsynlegt þykir að koma barninu í fóstur í stað þess að vista það á meðferðarheimili eða stofnun. Markmið með styrktu fósturi er að gera fósturforeldrum kleift að vinna að því að mæta sérstökum þörfum barns í tiltekinn tíma til að aðstoða barnið við að ná tókum á vandamálum sínum og að undirbúa það til að lifa heilbrigðu lífi innan samfélagsins að styrktu fósturi loknu.

B. VIST-OG MEÐFERÐARHEIMILI

Meðferðarheimili Barnaverndarstofu er að Stuðlum sem er fyrir börn- og unglingar sem eiga við margvísleg vandamál að stríða, á heimili, í skóla og í samskiptum. Sum hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, einelti, ofbeldi eða verið í útigangi. Sum hafa lagt aðra í einelti, beitt ofbeldi eða framið afbrot. Mörg stríða við þunglyndi, ofvirkni, kvíðavanda og áfallastreitu. Þar er rými fyrir 5 í neyðarvistun og 8 í greiningar-og meðferðarvistun.

Meðferðarheimili sem taka börn í langtímameðferð eru þrjú talsins, Háholt, Laugaland og Lækjarbakki, og eru þau öll staðsett á landsbyggðinni. Um er að ræða rými fyrir samtals 17-20 börn á aldrinum 13- 17 ára.

Heimili Reykjavíkurborgar eru Vistheimili barna – Laugarásvegi, á Ásvallagötu og Hraunbergi.

Á Laugarásvegi geta börn dvalið tímabundið ef þau eða foreldrar þeirra eiga í vanda sem sérstaklega þarf að ráða bót á. Heimilið er opið allan sólarhringinn. Sjö börn geta búið þar í einu auk þess sem þar er lítil íbúð þar sem foreldrar sem þess þurfa geta búið tímabundið með börn sín og fengið stuðning að greiningu lokinni. Eitt helsta markmið vistheimilisins er að hjálpa foreldrum og börnum til að líða betur saman. Þetta er einkum gert með því að efla foreldrana í að mæta þörfum barna sinna fyrir öryggi, ástúð og örvun og með því að

kenna börnunum að virða foreldra sína og reglurnar sem þeir setja. Stundum þarf að grípa með öðrum viðeigandi hætti inn í uppeldisaðstæður barna sem talin eru í sérstakri áhættu. Börnin sem koma á vistheimilið eru á mismunandi aldri, allt frá því að vera nýfædd og upp í unglingsaldur. Þau fá sín herbergi, oft þurfa þó tveir eða þrír að vera saman í herbergi. Þau dvelja á vistheimilinu allan sólarhringinn en sækja þó leikskólann eða skólann sinn eins og venjulega. Stundum fara börnin heim um helgar.

Fjölskylduheimilið Ásvallagötu er faglegt sérúrræði í erfiðum barnaverndarmálum, þar sem börnum eru búin traust og örugg uppeldisskilyrði. Forstöðumaður býr á heimilinu. Heimilið er ætlað 4 börnum í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur.

Hraunberg er skammtíavistun. Gert er ráð fyrir tveimur rýmum í skammtíavistun fyrir börn auk tveggja rýma fyrir 16 til 19 ára ungmenni sem hafa lokið langtímameðferð á vegum barnaverndaryfirvalda.